

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vita- Nr. 52.
gjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land. 10.
nóvbr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g um strandferðir.

Nr. 53.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í »Eimskipafjelagi Íslands« fyrir alt að 400,000 kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðir þessar skal fjelagið hefja svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en í apríl 1916. Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn fjelagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxa fer eftir samningi milli fjelagsins og stjórnarráðsins.

2. gr.

Náist ekki samningar við »Eimskipafjelag Íslands«, samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minsta kosti jafn mikið farþega- og lestarúm og sje að minsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912, og ennfremur heimild til að halda þeim út á kostnað landssjóðs, bæði til strandferða og annara ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

3. gr.

Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbrjefi er það setur.

Nr. 53.

10.
nóvbr.

4. gr.

Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi ekki tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 450,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. og 2. greinar. Stjórninni veitist og heimild til að setja strandskipin að veði til tryggingar þeim hluta lánsupphæðarinnar, sem út á þau kann að fást.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 54.

10.
nóvbr.

L ö g

um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningar-rjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til